



# AÐALSKIPULAG BORGARBYGGÐAR 2010 - 2022

## HRAUNSNEF Í NORÐURÁRDAL

### Breyting á aðalskipulagi - Ný frístundabyggð í landi Hraunsnefs



Gildandi aðalskipulag frá 29.6.2011, mkv. 1:100.000



Breyting á aðalskipulagi í janúar 2024, mkv. 1:100.000

## GREINARGERÐ

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem staðfest var 2011. Um er að ræða breytingu á uppdrætti og greinargerð en breytingin felur í sér að bætt er við nýju frístundasvæði ásamt brunnsvæði í landi Hraunsnefs í Norðurárdal í Borgarbyggð en svæðið var áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Við bætist því eitt nýtt svæði í núverandi töflu frístundabyggðar og nýtt brunnsvæði í töflu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagi. Gerð er því breyting á kafla 4.9 um frístundabyggðasvæði og kafla 4.11 um vatnsverndarsvæði.

Tafla frístundabyggðasvæðis fyrir breytingar: Svæði F1-F146 helst óbreytt og er því einungis sýndur sá hluti töflunnar sem breytist og línan þar fyrir ofan.

Nr.	Heiti svæðis	Stærð
F146	Ölvaldsstaðir	3,1 ha

Tafla frístundabyggðasvæðis eftir breytingar:

Nr.	Heiti svæðis	Stærð
F146	Ölvaldsstaðir	3,1 ha
F147	Hraunsnaf	38 ha

Tafla vatnsverndarsvæðis fyrir breytingar: Svæði VB1-V25 helst óbreytt og er því einungis sýndur sá hluti töflunnar sem breytist og línan þar fyrir ofan.

Nr.	Heiti svæðis	Stærð
VB25	Brunnsvæði - Svignaskarð	<6 ha

Tafla vatnsverndarsvæðis eftir breytingar:

Nr.	Heiti svæðis	Stærð
VB25	Brunnsvæði - Svignaskarð	<6 ha
VB26	Brunnsvæði - Hraunsnaf	0,1 ha

### Aðdragandi og markmið

Hraunsnaf er lögbýli en mikið hefur dregið úr búskap frá því sem áður var. Hvati að þessari breytingu kemur frá landeigendum sem hafa rekið ferðaþjónustu og veitingastað til nokkurra ára sem hefur notið vinsælda vegna sérstöðu sinnar og staðsetningar. Með því að bjóða upp á lóðir undir frístundahús í nálægð við Hraunsnaf og náttúruperlur Borgarbyggðar í Norðurárdal, er styrkari stoðum rennt undir starfsemi á svæðinu. Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu í Norðurárdal og fjölgun starfa í þeim geira eins og á landinu öllu. Á Íslandi sveiflast umfang ferðaþjónustu eftir árstíðum en þjónusta við frístundabyggð jafnari yfir árið sem leiðir af sér meiri stöðuleika í atvinnu og rekstrarumhverfi þjónustuaðila.


### Forsendur

Hraunsnaf er staðsett í Norðurárdal en heildarstærð jarðarinnar er 830 ha þar af er ræktað land 25 ha.

### Vistgerðir

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru á svæðinu vistgerðir með verndargildi, þ.e. grasná, snarrótur, stinnastarar-, língresis, vinguls- starungsmýra- og lyngmóavist á láglandi. Þær eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, reitirnir eru litlir. Á svæðinu er einnig finna fléttumóa- fjalladrapamóa- og melagambrauvist sem eru með miðlungs verndargildi og hraungamra, eyðimela, mosamela og víðimelavist sem eru með lágt verndargildi.

Votlendisvistgerðir sem eru innan skipulagssvæðisins njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá ber að forðast rask votlendis og taka skal tillit til vistgerðanna við gerð deiliskipulags. Byggingareiti skal afmarka í samræmi við votlendisvistgerðir innan svæðisins eins og kostur er. Mikilvægt er að halda öllu jarðraski í lágmarki innan skipulagssvæðisins meðan á framkvæmdum stendur.



Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðið er innan rauða hringsins.

### SKÝRINGAR :

- Frístundabyggð
- Þéttbýli

### Samgöngur og veitukerfi

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Gönguleið
- Reiðleið
- Háspennulínur 33kV - 220kV
- Stofnæðar vatnsveitu
- Sími

### Verndarsvæði

- Vatnsvernd - brunnsvæði
- Vatnsvernd - grannsvæði
- Vatnsvernd - fjarsvæði
- Fríðlýst náttúruverndarsvæði
- Hverfisvernd - birkiskógar og kjarr
- Hverfisvernd - flóar
- Hverfisvernd - nútímahraun
- Hverfisvernd - önnur svæði

### Landsskipulag

Aðalskipulagsbreytingin samræmist Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem segir að við skipulag frístundabyggðar skuli almennt miðað við að afmörkun samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útveru og gætt er að því að frístunabyggðin skerði ekki mikilvæg aða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Frístundabyggðin í Hraunsnafi samræmist þessu vel þar sem verið er að nýta vel það svæði sem tekið verður frá til frístundabyggðar án þess að skerða landbúnaðarland eða náttúruverndarsvæði.

### Náttúru- og menningarminjar

Eins og sýnt er á uppdrætti liggur frístundabyggðin að Grábrókarhrauni og Hreðavatni, svæði nr. 210 á c-hluta náttúruminjaskrár, skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að fríðlýsa. Samkvæmt lögum skal forðast að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á c-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Ef skoðuð er lýsing á svæðinu er hún eftirfarandi: Grábrókarhraun og Hreðavatn, Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðar og Brekkur. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkugili, Hestabrekku og Primildal. Eins og áður hefur fram komið segir lýsingin að afmörkunin nái frá Grábrókarhrauni, þannig að afmörkunin eins og hún er teiknuð á kortum er ónákvæm. Náttúrulegt útbreiðslusvæði Grábrókarhrauns helst þar að leiðandi óraskað og samfellt.

Í september 2023 fór fram fornleifarannsókn á svæðinu og niðurstöður leiddu í ljós að engar minjar eru innan frístundabyggðarinnar. 120 m austur af frístundabyggðinni fannst ein möguleg rúst af gangamannakorfa.



Mörk frístundabyggðar F147 og nærliggjandi náttúruverndarsvæði.

### Lóðir

Frístundabyggðin nær yfir 38 ha svæði, sem skipt verður upp í 25 frístundalóðir sem verða að jafnaði 0.33 ha. Hámarks byggingarmagn frístundabyggðarinnar verður 3.000 m<sup>2</sup>.

### Aðkoma

Aðkoma að svæðinu verður frá Þjóðvegi 1 um núverandi heimreið.

### Veitur og lagdir

Fráveita liggur í rotþró innan frístundabyggðarinnar. Neysluvatn er sótt í lindarbrunn sem er staðsettur ofarlega innan frístundabyggðarinnar. Þá eru á svæðinu fjögur hús með sér brunn. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tekur árlega út gæði vatnsins. Afla þarf starfsleyfis fyrir vatnsból sem þjóna 20 húsum eða fleirum hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

### Umhverfisáhrif

Skipulagið hefur ekki í för með sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Áhrif frístundabyggðarinnar eru aðallega sjónræn þar sem verið er að byggja upp svæði sem áður var óbyggt en eru þó metin óveruleg þar sem þetta er við ýmis önnur mannvirki. Hagræn áhrif eru metin jákvæð þar sem gisti- og veitingastaðurinn hefur jákvæð áhrif á viðskipti s.s. rekstur nálægtra veitingastaða. Ekki er gert ráð fyrir að raska hrauni eða öðrum jarðmyndunum sem munu hafa áhrif á verndargildi náttúruminja á svæðinu. Engar menningarminjar eru í hættu vegna tilvonandi framkvæmda.

### Breytingar eftir auglýsingu

Eftir auglýsingu fór fram fornleifarannsókn á svæðinu og niðurstöðunum bætt við í kafla um náttúru- og menningarminjar í greinargerð. Brunnsvæði í landi Hraunsnefs bætt við á skipulagsuppdrátt og tafla um vatnsverndarsvæði uppfærð. Engar breytingar voru gerðar á skilmálum frístundabyggðarinnar.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 3. APRÍL 2024

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3. APRÍL 2023.GD



LANDMÓTUN

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI BORGARBYGGÐAR 2010-2022  
NÝ FRÍSTUNDBYGGÐ Í LANDI HRAUNSNÉFS

Dags: 05.01.2024 Mkv: 1:100.000 Teikn: MÓ, HBV Verk nr: 3609-SA2201A

Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Helena Björk Valtýsdóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 kt. 561204-2760 netf: landmotun@landmotun.is